

Öll mál, sem rísa útaf samþykkt þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál. 93
10. sept.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 10. september 1914.

Sig. Eggerz.

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

94
19. sept.

**um breyting á hafnarreglugjörð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað
13. febrúar 1913.**

Stjórnarráð Íslands hefir 19. september 1914 gefið út, samkvæmt lögum nr. 26, 9. júlí 1909, svofelda reglugjörð um breyting á hafnarreglugjörð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað frá 13. febrúar 1913.

IV. grein, fyrsta málsgrein orðist þannig:

Heimilt er að leggja yfir veturinn mannláusum skipum, svo lengi sem rúm á höfninni endist, að dómi hafnarnefndar. Skip, sem eiga heima í Hafnarfirði, ganga fyrir skipum, er eiga heimilisfang utan Hafnarfjarðar. Um leyfi til þess ber að sækja til hafnarnefndar, sem vísar á stað, þar sem leggja skal; og skal öllum skipum lagt undir umsjón manns, er hafnarnefnd felur það starf og til þess er álitinn vel hæfur. Skipum, sem lagt er mannláusum vetrarlangt eða um skemri tíma, má ekki leggja fyrir utan þá línu, er hugsast dregin frá Hval-eyrarhöfðatá í svart- og hvítmálaða klettasnös norðan í Hamarskots-Hamri.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 19. september 1914.

Sig. Eggerz.

Jón Hermannsson.